

Atvinnuveganefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, ritara nefndasviðs,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Laxárdal, 11. desember 2012.

Varðar: **Umsögn Svínaræktarfélag Íslands um frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (leiðbeiningarþjónusta, búvörusamningar o.fl.), mál nr. 448.**

Svínaræktarfélagi Íslands barst téð frumvarp ásamt beiðni um umsögn, með tölvubréfi Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, ritara nefndasviðs Alþingis, hinn 11. desember.2012.

Stjórn Svínaræktarfélag Íslands hefur farið yfir ofangreint frumvarp.

Frumvarpið tekur eingöngu til breytinga sem því fylgja á búvörulögum. Umsögn SFÍ tekur einkum til breytinga á fyrirkomulagi leiðbeininga/ráðgjafarþjónustu við landbúnaðinn og samninga sem gerðir eru á grundvelli búnaðarlaga.

Vegna 2. gr. og 3.gr.:

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a.:

“Samkvæmt búnaðarlögum veitir ríkissjóður árlega framlög til verkefna á sviði leiðbeiningarstarfsemi í landbúnaði. Bændasamtök Íslands hafa á hendi faglega og fjárhagslega umsjón með leiðbeiningarstarfseminni og annast framkvæmdina í samræmi við ákvæði laga og samning ráðherra við Bændasamtök Íslands skv. 3. gr. búnaðarlaga. Markmið þjónustunnar er að miðla upplýsingum til bænda og stuðla með því að bættum búskaparháttum og framförum í búskap, til hagsbóta og bættra lífskjara fyrir bændur og neytendurbúvara.

*Kveðið er á um skipulag leiðbeiningarþjónustu í búnaðarlögum. Hjá búnaðarsamböndum og leiðbeiningarmiðstöðvum starfa héraðsráðunautar sem sinna faglegum leiðbeiningum fyrir bændur á ákveðnum svæðum eða **landinu öllu** undir faglegri umsjón Bændasamtaka Íslands. Leiðbeiningarmiðstöð er miðstöð á vegum eins búnaðarsambands eða fleiri þar sem starfa sérfróðir menn á ýmsum sviðum landbúnaðar”.*

Í samræmi við það sem hér kemur fram hefur fagþjónusta fyrir svínaræktina nær alfarið verið tengd verksviði landsráðunauts í svínarækt á vegum BÍ, en ekki hefur verið gert ráð fyrir faglegri ráðgjöf til svínabænda frá búnaðarsamböndum. Fyrir á þessu ári var ráðinn

ráðunautur í hlutastarf hjá BÍ, sem sér um ráðgjöf fyrir svínaræktina. Þá hafði ekki verið starfandi ráðunautur í svínarækt hjá samtökunum í um sex ár, þrátt fyrir fjárveitingar á fjárlögum samkvæmt búnaðarlagasamningi til að standa undir þjónustunni.

Svínarækt er alþjóðleg búgrein sem nýtir upplýsingar um fagleg viðfangsefni með beinum hætti frá þeim löndum sem eru leiðandi á sviða svínaræktar á hverjum tíma. Því er lagt til að einstök svínabú geti gert þjónustusamninga við erlendar ráðgjafamiðstöðvar **og nýtt til þess eðlilega hlutdeild búgreinarinnar í framlögum samkvæmt búnaðarlagasamningi, sem ætlað er að standa undir leiðbeiningaþjónustu.**

Einnig er vert að hafa í huga að sú starfsemi sem hér er fjallað um, mun byggja hluta tekna sinna af búnaðargjaldi. Í dag rennur hluti búnaðargjalds til búnaðarsambanda, óháð því hvort einstakar búgreinar geti gert kröfur um faglega þjónustu frá samböndunum. Gera verður ráð fyrir að nýtt fyrirkomulag á leiðbeiningaþjónustu fyrir landbúnaðinn kalli á breytt fyrirkomulag á ráðstöfun tekna af búnaðargjaldi. Verði fjárhagsleg og fagleg umsjón verkefnisins alfarið á ábyrgð Bændasamtaka Íslands, **verður að tryggja með lögum, jafnræði og stöðu einstakra búgreina gagnvart stefnumótun og framkvæmd laganna.** Núverandi fyrirkomulag á aðkomu einstakra búgreina gerir það ekki. En benda má á að meirihluti kjötrframleiðslu í landinu, svína –og alifuglarækt, á ekki fulltrúa í stjórn BÍ.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta segir:

“Í september 2012 undirrituðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra breytingar á samningum um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, sauðfjárræktar og framleiðenda garðyrkjuafurða sem fela í sér framlengingu samninganna um tvö ár”.

Ekki hefur verið óskað umsagnar um þá samninga sem eru grundvöllur þeirra lagabreytinga sem hér er fjallað um. Mikilvægt er að fram komi nauðsyn þess að lögjafinn hafi heildarsýn á íslenskan landbúnað að leiðarljósi við breytingar á búvörulögum. Með þeim samningum sem gerðir hafa verið, hefur skapast verulegt misvægi á milli þeirra búgreina sem undir samningana falla og þeirra sem ekki eru gerðir samningar við. Það á bæði við um félagslega stöðu og rekstrarforsendur. Í samningum um starfsumhverfi sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu eru t.d. afdráttarlaus ákvæði um kynslóðaskipti á bújörðum sem eingöngu ná til tveggja búgreina.

Í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu segir um markmið samningsins:

„Markmið þessa samnings eru:

1.1 Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.

1.2 Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.

1.3 Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

1.4 Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.


1.5 Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluáðstöðu með eðlilegum hætti.

1.6 Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða“.

Í lið 1.1. er afdráttarlaust kveðið á um að stuðningur ríkisins skuli stuðla að bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði. Þannig er skýrskotað til beinnar markaðstengingar. Beingreiðslur og gripagreiðslur í mjólkurframleiðslu nema nú samkvæmt samningi við kúabændur um 50 kr/ltr. Þannig fær bóndi með um 250 þús lítra kvóta um 12,5 m.kr á ári, eða um 1,0 m/kr á mánuði og þykir það ekki stórt kúabú í dag. Því til viðbótar eru í boði framlög til jarðabóta og kynbótastarfs.

Full ástæða er til að vara við þröngri hagsmunagæslu í búvörusamningum. **Lagt er til að lögum verði breytt þannig að gerður verði heildarsamningur um starfsumhverfi landbúnaðarins.** Samningurinn hafi það að markmiði að tryggja stöðugleika í framleiðslu, og gera **allar búgreinar** færar um að starfa við breytilegar áherslur varðandi umhverfi, landnýtingu, markað og velferð búfjár. Auk þess að vera mikilvægur hlekkur í búsetu og fæðuöflun þjóðarinnar.

Virðingarfyllt
f.h. Svínaræktarfélags Íslands,



Hörður Harðarson, formaður